

REGLUGERÐ

58

1. apríl

um breyting á reglugerð nr. 115 25. okt. 1938, um breyting á reglugerð nr. 61 14. júní 1933, um raforkuvirki.

1. gr.

Í 2. gr. falli niður úr fyrstu setningu e-liðs orðin: „á lágspennulínunni“ og úr síðustu setningu sama liðs orðin: „og hún þarf eigi að vera meiri en 2 m.“

2. gr.

Í 2. gr. bætist við e-liðinn á eftir tölulið 2 nýr töluliður, svo hljóðandi:

3. Símalínan sé úr viðurkenndum úteinangruðum vír, enda sé a) þverunarfak lágspennulínunnar ekki yfir 50 m að lengd og vírar hennar margþættir úr eir, brónsi eða jární og eigi grennri en 16 mm², eða b) þverunarfak lágspennulínunnar ekki yfir 30 m og vírar hennar úr eir, brónsi eða jární og eigi grennri en 10 mm². Lóðrétt fjarlægð milli símataugar og lágspennutaugar má ekki vera minni en 1/5 hluti fjarlægðarinnar frá þverunarstaðnum til næsta festipunkts lágspennutaugarinnar eða næsta festipunkts símataugarinnar, eftir því hvor er fjær. Hún má þó ekki vera minni en 0,5 m.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 83 23. júní 1932, um raforkuvirki. Öðlast hún þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. apríl 1941.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

Staðfesting ráðuneytis Íslands, handhafa konungsvalds, á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Sveins Guðmundssonar, hreppstjóra á Akranesi, og Mettu Steinunnar Hansdóttur, f. Hoffmann, konu hans,“ útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 3. apríl 1941.

59

3. apríl

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Sveins Guðmundssonar, hreppstjóra á Akranesi, og Mettu Steinunnar Hansdóttur, f. Hoffmann, konu hans.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af þeim hjónum Sveini hreppstjóra Guðmundssyni á Akranesi (f. 5. sept. 1859, d. 30. júlí 1938) og Mettu Steinunni Hansdóttur, f. Hoffmann, konu hans (f. 29. okt. 1848, d. 21. jan. 1934), og er stofnfé hans kr. 5000.00 — fimm þúsund krónur —, gjöf þeirra.

2. gr.

Markmið sjóðsins er:

1. Að styrkja sjúkraskýli á Akranesi til áhaldakaupa, eftir því sem læknaþeir, er þar starfa, telja nauðsynlegast á hverjum tíma, þangað til sjúkraskýlið er orðið svo fullkomið að lækningatækjum og öðrum útbúnaði, að dómi lækna, að tiltækilegt þyki að verja útborguðum vöxtum að nokkru samkvæmt 2. málsgrein.

- 59 2. Að styðja að endurbótum eða stækkun sjúkraskýlisins og, þegar fært þykir, að
3. apríl dómi læknanna, að létta undir rekstrarkostnað þess, eða styðja að bættum heilbrigðis- og hollustuháttum á Akranesi, eftir tillögum lækna og heilbrigðisnefndar.

3. gr.

Sjóðinn skal varðveita í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands og skal helmingur vaxta árlega lagður við höfuðstól, en hinn helmingur vaxtanna greiðist stjórn sjóðsins til ráðstöfunar, eftir því sem segir í 2. grein.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa undirritaðar dætur stofnenda hans, meðan tvær þeirra eru á lífi og eiga heima á Akranesi, en eftir það fer stjórn sjúkraskýlisins á Akranesi með stjórn sjóðsins.

Nú er stjórn sjúkraskýlisins óskipuð, er dætur sjóðstofnenda fá eigi haft sjóðstjórnina á hendi, og fara læknar á Akranesi þá með stjórn sjóðsins til bráðabirgða.

Stjórn sjóðsins skiptir sjálf með sér verkum.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Hreppsnefnd Ytri-Akranesshrepps kýs tvo endurskoðendur reikninga hans.

6. gr.

Leita skal staðfestingar konungsvaldsins á skipulagsskrá þessari.

Petrea G. Sveinsdóttir. Ingunn Sveinsdóttir. Matthildur Sveinsdóttir.

60

4. apríl

REGLUGERÐ

breyting á reglugerð nr. 75 22. maí 1939, fyrir bændaskólana að Hólum og Hvanneyri.

1. gr.

15. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Nemendum er skylt að ganga undir próf í öllum þeim námsgreinum, sem kenndar eru. Þó getur skólastjóri látið niður falla próf í söng og smíðum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 26 13. janúar 1938 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 4. apríl 1941.

Hermann Jónasson.

Gunnl. E. Briem.